

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild



SKÝRSLA UM NÁMSFÖR SVEINBJÖRNS BJÖRNSSONAR TIL
BANDARÍKJANNA HAUSTIÐ 1966

Skyrsla um námsför Sveinbjörns Björnesonar til
Bandaríkjanna haustið 1966

A.s.l. hausti var undirritabun veittur 40.000 króna styrkur af fé því, er falenzk stjórnvöld hafa til ráh-stöfunar til vísindastyrkja á vegum Atlantshafsbandalagsins ("NATO Science Fellowship") árið 1966. Var styrkurinn veittur til námsfarar til Bandaríkjanna haustið 1966 til að kynnast aðferðum til malinga á rafleitni berglaga djúpt í jörðu og hagnýtingu sliks aðferða í leit að jarðhitum.

Eftirfarandi skyrsla gerir grein fyrir aðdraganda ferðarinnar, gangi hennar og ályktunum, sem af henni verða dreagnar.

1. Aðdragandi

Berg með heitu vatni leiðir sun betur rafmagn en kalt berg. Malingar á rafleitni bergs geta því komið að notum við jarðhitaleit og hafa sliksar malingar verið gerðar hér á landi s.l. 15 ár með góðum árangri. Þar hafa þó ekki náð dýpra í jörðu en um 400 m.

Borunum eftir heitu vatni niður á 500 til 1500 m dýpi hefur hins vegar fjölgas mjög á síðustu árum, enda þótt ekki hafi verið tilteiknar neinar beinar aðferðir, sem sagt getu fyrir um rennslí á þessu dýpi aðrar en rannsóknarboranir. Kostnaður við þessar boranir hefur numið um 1500 til 2000 kr. á metrar, og er því ljóst, að sliksar rannaóknir eru mjög dýrar. Brýn þörf er orðin á ódýrari jarteólisfrætilegum aðferðum, sem sagt getu fyrir um rennslí heits vatns á þessu dýpi og þannig drégis úr fjölda árangurslauzra boreana.

Undanfarið ár hefur undirritatur unnið að undirbúnings-athugunum, sem misa að því að beita rafleisnisdferðum til þess að finna jarðhita á 500 til 3000 m dýpi. Í þessu efni hefur mjög verið stuðzt við ráðleggingar Dr. Gunnars Böðvarssonar, sem nú starfar sem prófessor við Oregon State University í Bandaríkjunum. Á s.l. vori lagði Gunnar Böðvarsson til, að jarðhitadeild sendi undirritaban í námsför til Bandaríkjanna til þess að kynna sér nýjustu aðferðir til mælinga á rafleisni berglaga og heimaskja helztu stofnanir, sem að alíkum mælingum vinna. Þessari tillögu var vel tekið af hálfu jarðhitadeildar og afréð undirritatur því að seekja um "NATO Science Fellowship" til fararinnar. Jafnframt lýsti jarðhitadeild sig fúsa að greiða annan kostnað við fórirna, er vantanlegur styrkur nái ekki til.

2. Gangur ferðarinnar

Námsadvöl við Oregon State University, Corvallis, Oregon.

Námsförin hófst 3. okt. 1966 og henni lauk 9. des. 1966. Pennan tíma hafði undirritas ður námsstöðu við Oregon State University, Corvallis, Oregon. Varði hann miklum tíma í lestar tímaraita, bóka og skýrsla um rafleisni-aðferðir en þarna var greiður aðgangur að mörgum góðum heimildum, sem ekki eru til á Íslandi. Jafnframt átti hann tíðar viðrestur við Gunnar Böðvarsson um þessi efni og frankvændi undir stjórn hans athugun á helztu vanda-málum, sem líklegt er að upp komi, ef þessum aðferðum yrði beitt hér á landi. Innfremur átti undirritatur gagnlegar viðrestur við aðra starfssenn jarðeisfræðideildar háskólana, einkum P.S. Mathews, en hann vinnur að undirbúningi svipaðra mælinga undir handleiðslu Gunnars Böðvarssonar.

Af gestum, sem til deildarinnar komu á þessum tíma
matti sínum nefna A.D. Watt frá Deco Electronics,
Colorado, en hann hefur ölkast mikla reynslu í rafleiðni-
melingum í Bandaríkjunum og heimskautalöndum. Fyrirtæki
hans hefur m.a. smíðað teki, sem notað er til rafleiðni-
melinga berglagna niður á nokkurra tuga kílómetra dýpi
og er líklegt, að það gæti orðið góða fyrirmynd að tekjum
til rafleiðnimelinga í jarðhitaleit hér á landi.

Ferð til Houston, Texas og Golden, Colorado.

Egagna 6. til 10. nóv. sótti undirritatúr ráðstefnu
jarðeðlisfræðinga í Houston, Texas. Voru þar m.a. flutt
erindi um nýjustu aðferðir og rannsóknir á svíði raf-
melinga. Þing þetta sóttu margir fremstu sérfræðingar
Bandaríkjanna í rafmelingum og gafst undirritusum kostur
á að reða við nokkra þeirra. Meðal þeirra voru:

S.H. Ward, prófessor við háskólan í Berkeley, California.
Ward hefur unnið merkt starf á svíði rafmelinga og ritat
fjölda greina um þessi efni. Hefur hann kannan kasti og
galla niemunandi aðferða og reynt að treysta frætilegan
grundvöll þeirra.

A.R. Barringer, Barringer Research Ltd., Toronto, Canada.
Barringer hefur smíðað teki til rafleiðnimelinga úr lofti,
og er almennt talið, að teki hans séu langtum fremri en
önnur teki, sem smíðað hafa verið til þessara nota.
Flugvélar fyrirtækisins eru sendar til málmeitar um
allan heim. Einnig hafa teki þessi verið notuð af kan-
disku jarðfræðistofnuninni til leitar að grunnvatni.
Rýptarvirkun þessara tekja er um 200 m í jörðu og er
líklegt að þau kemju að góðum notum við jarðhitaleit hér
á landi, ef kannan stti stórvægi, þar sem jarðhiti
er grynnra en 200 m.

K. Vozoff, Geoscience Inc., Massachusetts.

Vozoff hefur lengi starfað við háskólanum í Alberta, Canada og stjórnar þar rannsóknum á rafleisnir berglaga með segulsveiflum og jarðstraumum. Hefur hann smíðað taki til þessara mælinga, sem orðið hefur fyrirmund að flestum slíkum tekjum í Canada. Vozoff starfar nú hjá Geoscience Inc., en þar er unnið að rannsóknum á rafleisnir berglaga, djúpt í jörðu.

G.V. Keller, professor við Colorado School of Mines.
Keller starfaði áður hjá U.S. Geol. Survey, Denver, Colorado og veitti þar forstöðu deild, sem vann að rannsóknum á rafeiginleikum bergs. Keller hefur þýtt margar þekur um rafleisnimál úr rússnesku og nylega skrifabók ágsta kennslubók um þessi efni.

Að ráðstefnunni lokinni fylgdist undirritaður með Keller til Golden, Colorado og skoðaði rannsóknararofu hans og tekki. Voru þar m.a. taki til módeltilrauna fyrir rafleisnir-aðferðir, taki til mælinga á rafeiginleikum bergságnishorna og taki til rafleisnimalinga djúpt í jörðu.

Keller hefur leitað að grunnvatni á Hawai með rafleisnir-aðferðum, en þar eru aðstaður að nörgu leyti svipabár og á Íslandi. Ennfremur hefur hann staðsett bráðið berg grunnt í jörðu með þessum aðferðum.

Keller létt undirrituðum í té mikinn fróðleik og bauð aðstoð sína við undirbúning svipabara mælinga hér á landi, ef á þyrfti að halda.

Ferð til Vancouver, Canada.

Dagana 27. til 30. nóv. fór undirritaður ásamt Gunnari Böðvarssyni og F.S. Mathews í heimeókn til Próf. J.A. Jacobs, University of British Columbia, Vancouver, Canada.

Jacobs er mjög kunnur fyrir athuganir sínar á sveiflum í segulsviði jarðar og hafa samstarfsmenn hans reynt að hagnýta þessar segulsveiflur til ákvörðunar á rafleiðni bergs djúpt í jörðu. Hafa þeir kannast orsakir þessara sveifla, dreifingu þeirra í tima og rúmi og truflandi áhrif, sem leiðni sjávar hefur á þessar sveiflur. Þessar athuganir eru nauðsynlegur undirbúningur undir vantanlega hagnýtingu aðferðarinnar.

Sýnd var segulsveiflumlistöð á Westham Island og einnig taki, sem notuð eru við úrvinnslu linurita.

Méðal samstarfsmanna Jacobs er H.W. Desso, en hann hefur nýlega smíðast teki, sem hann notar til módeltilrauna fyrir rafleiðniasöfðir. Kynnti hann okkur þessi teki og helstu níeturstöður sínar. Bauðst hann jafnframt til að breyta módeli sinu í samræmi við íslenzkar aðstöður og geti hann þá sagt fyrir um árangur mismunandi aðferða.

3. Ályktanir

Það var almennt ólit þeirra sérfrætinga, sem undirritaður átti tal við, að rafleiðniasöfðir eru að geta komið að miklu gagni við leit að jarðhita á 500 - 3000 m dýpi. Það eru einkum 3 aðferðir, sem til greina koma:

- (1) Spanstraumsaðferð, með náttúrulegar sveiflur í segulsviði jarðar sem svíðsgjafa.
- (2) Spanstraumsaðferð, með spólu eða rafskaut sem svíðsgjafa.
- (3) Jafnstraumsaðferð, með rafskaut sem svíðsgjafa.

bessar aðferðir eru náskyldar en bæta þó upp galla hverrar annarrar og fer það eftir jarðfræðilegum aðstæðum, hver þeirra á best við hverju sinni.

Við byrjunarathuganir væri rétt að velja eina af þessum aðferðum en verði lagt í umfangsmiklar nafleiðningslingar, er líklegt, að allar aðferðirnar verði notaðar jöfnum höndum. Aðferðir (1) og (2) eru hentugar til malinga á bergi, sem liggur undir illa leiðandi berglögum. Aðferð (3) er hins vegar betur fallin til malinga á svæðum, þar sem yfirborðslög eru vel leiðandi.

Aðferð (1) hefur þann kost umfram hinar, að notaðar eru náttúrulegar sveiflur sem svísgjafi, og þarf því enga raforku né teki til svísemundunar. Hér á landi eru sveiflur í segulsvisi tíbar og stórar, og mátti það að auðvelda notkun þeirra til malinga. Hins vegar verka sveiflur þessar truflandi á máliaðferðir (2) og (3). Rafsvið frá rafskautum eða spólum verður að yfirgræfa svíð af völdum náttúrulegra sveifla, ef nothsar malingar eiga að nást með þessum aðferðum.

Aðferð (1) virðist einföldust og ódýrust í framkvæmd, og er því eðlilegt, að hún verði notað við byrjunarathuganir. Malingar á svíði af völdum náttúrulegra sveifla með þessari aðferð gefu jafnframt nyttsamar upplýsingar um nauðsynlega sendiorku og nemleika tekja fyrir aðferð (2) og (3).

Við náið að stofnkostnaði tekja er nauðsynlegt, að þekktar séu kröfur um sendiorku, nemleika og fjölkostnaði tekja, en líklegt er, að mörg tekjanna megi nota við allar aðferðir og þyrfti að taka tillit til þess við val þeirra.

Að svo komnu máli er einungis unnt að meta stofnkostnað lauslega. Stofnkostnaður tekja fyrir aðferð (1) mun vera um 500 þús. ísl.kr. en vera tekja fyrir aðferðir (2) og (3) nokkru harra. Til samanburðar mátti nefna að 1000 milliðun kostar um 1,5 til 2 milj. kr.

Malikostnaður með þessum aðferðum er eðlilega í nokkurri óvissu, en samkvæmt samanburði við jarðsveiflumalingar er líklegt, að hann verði um 5000 kr. á dag.

Þen dæmi um rannaóknarkostnað nattí nefna nýlega jarðhitaleit fyrir Akrane skaupstað. Þorðar voru 3 rannsóknarborholur 100 m djúpar og nam borkostnaður 367 þús. fsl. kr. Líklegt er, að samþerilegar upplýsingar hefðu fengið með rafleisnimalingum á 7 malidögum og hefði kostnaður við þær malingar numið 35 þús. kr.

Auk ofangreindra maliðferða gati reynst hagkvænt að kovertleggja jarðhita úr lofti með flugaférf Barringer Research Ltd. Ætti þetta einkum við á landsvæsum, þar sem heitt vatn rennur undir hrauni eins og víða gerist á Suðurlandsundirlendi.

Lokaályktun

Ekkí virðast neinir verulegir teknilegir erfðaleikar á notkun rafleisnimalinga til jarðhitaleitar allt niður á 3000 m dýpi. Rannsóknir með þessum aðferðum yrðu mun ódýrari en rannsóknarboranir og mundu stórauka vitneskjum um rennsli heits vatns í berggrunni landsins.

Pakkarörð

Undirritaður ferir Atlantshafsbandalagi, Menntamálaráðuneyti og Raforkunálfaskrifstofu beztu þakkir fyrir styrki og aðra fyrirgreiðslu vegna fararinnar.

Ennfremur vill hann sérstaklega pakka þróf. Gunnari Böðvarssyni holl ráð og mikilsverða aðstoð meðan á námförinni stóð.

Reykjavík, 10. janúar 1967

Sveinbjörn Björnsson

Kostnadsaryfirlit

Ferð og námsadvöl Sveinbjörns Björnssonar í Bandaríkjunum
1.10. - 2.12. 1966

<u>Kostnaður</u>	<u>Isl.kr.</u>
Ferðir	42.170,46
Evalarkostnaður	<u>52.653,79</u>
	Samtala 94.824,27
<u>Greiðals kostnaðar</u>	
NATO-styrkur	40.000,-
Greiðt af Reforkumálaskrifstofu	<u>54.824,27</u>
	Samtala 94.824,27